

Vináttuverkefni Barnaheilla

Vináttuverkefnið

Vináttuverkefnið Blær er forvarnarefni sem ætlað er að stuðla að jákvæðum samskiptum, góðum skólabrag og koma í veg fyrir einelti. Markmið verkefnisins er að tryggja börnum umhverfi þar sem einelti nær ekki að þrífast.

Það er á ábyrgð fullorðna fólksins að búa börnum þannig umhverfi og því er námsefni sem þetta góð viðbót við áherslur okkar Suðurvöllum um gæði í samskiptum og vellíðan allra.



Markmið verkefnisins er að

- koma í veg fyrir að jarðvegur fyrir einelti skapist
- tryggja að í hverjum barnahópi sé til staðar góður félagsandi, góð skólamenning og samkennd
- börnin eigi eitthvað sameiginlegt og að hver og einn geti alltaf reynst góður félagi
- tryggja að borin sé virðing fyrir margbreytileikanum
- vera góðar fyrirmyndir í orði og verki

Vináttuverkefnið er gefið út fyrir börn 0 -8 ára og er þrískipt eftir aldri barnanna. Námsefnið byggir á áströlsku efni, Better Buddies og er notað í mörgum löndum. Barnaheill - Save the children á Íslandi framleiðir efnið og gefur út. Barnasáttmáli Sameinuðupjóðanna hefur verið leiðarljós í allri þróun verkefnisins.

Námsefni leikskólanna er tvískipt (0 -3 ára / 3-6 ára) og kemur í veglegum töskum með fjölbreyttu námsefni, myndaspjöldum, sögum og tónlist. Í töskunni er bangsinn Blær (stór) og er hann táknmynd vináttu og samhyggðar og minnir okkur á okkar góðu gildi alla daga. Við upphaf skólagöngu sinnar fær hvert barn lítinn Blæ að gjöf sem er eign barnsins og það tekur hann með sér þegar skólagöngu lýkur í leikskólanum. Litli Blær er notaður í kennslu/ samverustundum, er vinur barnanna og huggun í dagsins önn.

Gildi vináttunnar eru

- **Umbyrðarlyndi** - að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og sýna öllum virðingu
- **Virðing** - að viðurkenna og virða alla í hópnum og vera góður félagi
- **Umhyggja** - að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpssemi
- **Hugrekki** -að hafa hugrekki til að bregðast við órétti og geta sett mörk. Að vera góður félagi og rétta öðrum hjálparhönd

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á Vináttuverkefninu sýna fram á fjölmarga kosti þessarar nálgunar, s.s.

- umhyggjusamari börn
- auking þekking og vitund kennara og foreldra um uppeldislegt gildi þess að kenna samskipti
- börn öðlast kjark til að bregðast við, hughreysta félaga sína og sýna frumkvæði í að stíga fram
- aukin hæfileiki barna til að setja mörk fyrir sig og aðra - segja stopp
- starfsfólk fær nýtt sjónarhorn á mikilvægi samskipta barna og hafa áhrif á þau með markvissum hætti